

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu
Pétur Ingi Haraldsson
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 6. september 2013
Tilvísun: UST20130900029/bs


Framkvæmdaleyfi - Öxarárfoss. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu dags. 5. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir við Öxarárfoss sem fela í sér að byggður verður útsýnispallur sem tengist núverandi göngupalli um Stekkjargjá. Tilgangur framkvæmdarinnar er að stýra og takmarka betur umferð fótgangandi um svæðið og sporna við traðki á viðkvæmum gróðri á þessum fjölsóttu ferðamannastað. Pallurinn verður úr timbri en hann verður festur í berg með stálteinum sem límdir verða í göt sem boruð verða í klöppina.

Umhverfisstofnun telur að hér sé að mestu um afturkræfa framkvæmd að ræða sem mun draga úr álagi á viðkvæman gróður. Einu varanlegu ummerki verða væntanlega holur sem borðar verða fyrir festingar, en ummerki um þær mætti afmá að mestu ef óskað væri. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústsdóttir
Sviðsstjóri


Björn Stefánsson
sérfræðingur